



JONAS HARALDSSON

éinnig að enska ráðherrans er með svo frönskum hreim, að stundum er mjög erfitt að skilja hann. Franska er móðurmál ráðherrans.

GOTT „HANDRIT“

„Handrit“ þessara fyrstu sjónvarpsútsendinga var óvenju gott. Á fyrstu mánuðum þessara sjónvarpsútsendinga frá kanadíska þinginu hefur óvenju mikið verið að gerast. Seint á fyrra ári komst upp um meiri háttar hneyksli í sambandi við kanadíska riddara-lögregluna, þar sem njósnir innan lögreglunnar urðu uppvisar.

Þá sáu sjónvarpsáhorfendur Francis Fox, helzta ráðgjafa Trudeau í dómsmálum, segja af sér grátbólgin, eftir að hafa jatað að hafa hjálpað frillu sinni að fá föstureyðingu.

Þá var ekki síður dramatískt að horfa upp á utanríkisráðherra Kanada, Don Jamieson, er hann tilkynnti með járnsvip, að 13 Sovétmenn hefðu verið reknir úr landi vegna njósna.

ÁHRIF SJÓNVARPS-ÚTSENDINGANNA

Enn er ekki ljóst hvaða áhrif þessar sjónvarpsútsendingar frá þinginu kunna að hafa á stjórnmál í Kanada og fylgi einstakra manna. En ljóst er þegar að áhrifin eru nokkur.

Einn aðdáenda hins nýja fyrirkomulags er leiðtogi stjórnanarastöðunnar Joe Clark formaður Íhaldsflokksins. Hann hefur átt erfitt með að hrista af sér það orð að hann væri litlaus og óþekktur. En eftir að sjónvarpið hóf að senda frá þinginu hafa vinsældir hans aukizt verulega og það telur hann sjónvarpinu að þakka.

Sem leiðtogi stjórnanarastöðunnar stjórnan hann spurningum sem beint er til stjórnanarinnar í spurningatíma og þá aðstöðu hefur hann notfært sér.

Þá telja sumir að nokkur mál hafi verið tekin upp vegna sjónvarpsins, sem ella hefðu legið í þagnargildi. Það hefur t.d. lengi legið við orð að ólöglegt athæfi væri töluvert stundað innan riddaralögreglunnar, en sjónvarpinu tókst að gera málið að hneyksli.

Annáll og nafnaskrá

Stundum er eins og tíminn hlapi frá manni meðan maður er sjálfur á hlaupum eftir hvunn dagslegum fyrirbrigðum og þegar næði gefst til eltingaleikja við listina er holdið orðið ansi þreytt þótt andinn sé enn viljugur. Þannig var það með undirritaðan síðastliðinn mánuð eða svo. Sýningar komu og fóru án nokkurs ráðrúms til að segja frá þeim. Hér er sem sagt apólógía til viðkomandi aðila. En þegar lítið er yfir síðustu tvo mánuði, sést að óvenju lítið hefur verið að gerast á myndlistarsviðinu. Eg minnst þó með ánægju samvinnu við þá ötulú ljósmyndara í samtökunum Ljós sem settu upp sýningu af mikilli reisu að Kjarvalsstöðum og ekki síst var það mér óblandin ánægja að fá að sjá úrvalsljósmyndir Kaldals, einu sinni enn. Á þeirri sýningu gerðist merkilegur atburður. Listasafn Íslands festi kaup á nokkrum ljósmyndum, sem það hefur átt að byrja á fyrir löngu. Þetta er hugarfarsbreyting sem vert er að fagna og ætti að hleypa kappi í íslenska ljósmyndara.

HUGDETTUR

Svo haldið sé áfram með ljósmyndir, þá hélt ungur ljósmyndari Arni Páll að nafni, sýningu í Gallerí SUM fyrir skömmu. En það er vart hægt að tala um sýningu Ljós-manna og Arna Páls í sömu andrá, því hinn síðarnefndi sýndi einvörðungu svokallaðar „konsept“ ljósmyndir, þ.e. skrásetningu á ákveðnum hugmyndum. Ekki veit ég hve alvarlega Arni Páll tók öll verk sín, — skens og skemmtilegheit mátti greina í þeim sumum, en myndröð hans „barrière“ var alla vega eftirtektarvert fyrirtæki. Vönduð vinnubrögð Arna Páls á þessu sviði ættu einnig að vera öðrum til eftirbreytni, en eitthvert snobberi fyrir hroðvirkni virðist hafa heltekið suma þá aðila sem stunda ýmsar nýlistir.

PLUSS

Í anddyri Norræna hússins hengu til skamms tíma eins konar plussmyndir eftir tvær skandinavískar listakonur hverra nöfn hafa nú skroppið mér úr minni. Í þeim voru miklar þjóðfélagslegar meiningar og glettni, en hins vegar var ofhlæði og skrautnotkun þeirra slík að flestar myndir þeirra mátti afgreiða sem „kitsch“. Eg man eftir annarri listakonu á Nordisk Textiltiennale hér fyrir ári sem gerði líka hluti með svipuðum aðferðum, en skrumlaust og einfaldlega. Lit-

ið hefur gerst í Galleríinu við Suðurgötu, nema hvað aðstandendur þess hafa enn á ný gefið út myndarlegt Svart á hvítu. Meira um það seinna. Hins vegar var hér á ferðinni hinn franski nýlistamaður Robert Filliou sem getið hefur sér gott orð fyrir nýstárlegar hugmyndir og setti hann upp verkið Poipoidrome í Galleríinu ásamt nemum við Myndlista- og handfóðaskólann.

ÆFING Á

ALMANNAFÆRI

Eflaust hefur það verið lærdomsríkt fyrir þá að vinna með Filliou en hitt er annað mál hvort æfing af því tagi eigi nokkurt erindi á almannafæri. Eg verð að játa mig gáttaðan gagnvart verkinu og er ég leitaði í skýringar sem þar lágu frammi las ég að nóg væri „að vita hvað það er að vita“ til að taka þátt í verkinu. Sókrates eyddi allri ævi sinni í grundanir á því hvað það væri að vita og komst ekki að niðurstöðu. Yfirlætislegar yfirlýsingar af þessu tagi eru ekki til þess að auka skilning áhugafólks á nýlistum.

Eitt aðalhlutverk sendiherra hlýtur að vera að auka skilning þjóða í millum og fátt er betur til þess fallið en ýmiss konar menningarstarfsemi. Eg veit ekki til þess að íslenskir sendiherrar erlendis sýni mikla tilbúðir í þá átt að kynna öðrum þjóðum íslenska list. Ekki eru erlendir sendiherrar hérlandis heldur nægilega ötulir.

FRANSKUR DUGNADAR-FORKUR

Undantekning er þó sendiherra Frakka, M. La Tour Dejean sem af miklum dugnaði flytur inn franska list, myndlist, tónlist og kvikmyndir og væri bæjarbragur hér án efa mun leiðinlegri ef hans nyti ekki við. Það var ávallt ætlun mín að skrifa um ágæta sýningu á lithografið sem hann stóð fyrir í Franska bókasafninu en því miður fórst það fyrir eins og margt annað. Í stuttu máli samanstóð hún af 51 verki sem hvert og eitt sýndi hina miklu möguleika lithografiunnar, en sú tegund grafíkur hefur hér verið vanrækt síðustu ár. Allir listamennirnir voru af hinum svonefnda „Parísar-skóla“ sem „getur“ í raun þýtt hver sá sem einhvern tímann hefur búið og unnið í París. Þaraleiðandi mátti á sýningunni sjá allra þjóða kvikindi, hollendinginn Appel, spánverjann Arroyo, ítalan

Gilioli, argentínubúann LeParc, chilebúann Matta, þjóðverjann Voss, danann Mortensen og portúgölsku listakonuna Viera da Silva. Þarna ætti Erró eflaust einnig heima. Er ekki nokkur leið að gera skil öllum þeim tilbrigðum og tæknibrögðum sem þarna var beitt og vonandi verða sýningar af sömu gerð á ferðinni þarna fljótt aftur.

FRJÁLST FRAMTAK

Af öðrum listamálum var það helst í fréttum að Gallerí Sólón Íslandur þurfti að leggja niður starfsemi sökum okurleigu. Þetta eru hryggileg tíðindi því staðsetning og innréttingar þessa litla galleris buðu án efa upp á sýningarmöguleika sem hvergi finnst annars staðar í bænum. En meðan „frjálst framtak“ þýðir það að þeir sem peninga hafa mega brambolta eins og þeim sýnist en hinir éta það sem úti frýs, þá mun lítið fara fyrir lifandi menningu á landi hér, því hún verður ekki metin til peninga. Eflaust eigum við eftir að sjá „athafnamenn“ umturna frekar öllum karakter í gamla bænum. En vonarglætu má enn sjá í Sólónsmálum, er mér tjáð.

Landskunnur listunnandi hefur nefnilega látið fé af hendi rakna svo hægt verði að opna galleríð annars staðar.

LISTAMANNALAUN

Nú er nýbúið að úthluta listamannalaunum. Meðal myndlistarfólks þá fengu eftirtaldir engin listamannalaun: Asgerður Búadóttir vefari, Gunnar Örn Gunnarsson listmálari, Haukur Dór Sturluson listmálari og leirkerasmiður, Hjörleifur Sigurðsson listmálari og form. FÍM, Jón Reykdal grafíkmaður, Hörður Agústsson listmálari, Magnús Pálsson myndlistarmaður, Magnús Kjartansson listmálari, Sigurður Örlygsson listmálari, Ómar Skúlason listmálari, Jónína Guðadóttir leirkerasmiður, Þórður Hall grafíkmaður, Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður, Kristján Guðmundsson myndlistarmaður, Hreinn Friðfinnsson myndlistarmaður, Guðmundur Benediktsson myndhöggvari, Leifur Breiðfjörð glermynda-smiður, Örn Þorsteinsson listmálari, Kjartan Guðjónsson listmálari, Vigdís Kristjánsdóttir vefari, Ríkhartur Valtingo-ger grafíklistamaður.

Aðalsteinn Ingólfsson



Suðrænar ástir, ein myndanna af Ljós, sýningunni á Kjarvalsstöðum. Myndin er eftir Kjartan B. Kristjánsson.

Kjallarinn



Benedikt Gröndal

Rekstur Alþýðublaðsins er sérstakt vandamál. Dagblaðaútgáfa í landinu er komin út í ógöngur, þar sem hún er rekin eins og hjá milljónabjóð, og öll eiga blöðin við erfiðleika að etja, en Alþýðublaðið er þeirra fjárhagslega veikast. Um síðustu áramót varð að taka ákvörðun um framtíð blaðsins. Ekki kom til mála að leggja það niður rétt fyrir kosningar, en það hefði kostað flokkinn á annan tug milljóna í nýjum skuldum að halda blaðinu úti.

Þá bauðst tímabundin aðstoð frá norrænu A-pressunni, sem er að mestu eigin alþýðusambanda en einnig alþýðuflokka hinna Norðurlandanna. Þetta boð var þegið, en engu um það leyt.

Slíkt aðstoð, sem hér hefur verið nefnd, á sér mörg fordæmi milli jafnaðarmannaflokka og frjálsra verkálýðsfélaga erlendis. Þetta er alþjóðleg hreyfing og eru engin dæmi um að aðstoð fylgi skilyrði önnur en óskun um framgang hugsjónarinnar um frelsi, jafnrétti og bræðralag.

Hér á landi hafa verkálýðsfélög oft óskað eftir norrænni aðstoð í stóratökum og hefur hún verið fánleg. Sum íslensk launþegafélög eru aðilar að norrænum verkfallssjóðum. Alþýðubandalagsmenn hafa staðið að slíkum málum, en gagnrýni á þetta verið litil eða engin.

Alþýðubandalagið hefur reynt mikið til að sannfæra þjóðina um að það sé lýðræðislegur flokkur, sem ætti að leggja undir sig rúm Alþýðuflokksins í íslenskum stjórnmálum. Þess vegna eru þeir herrar afbrýðisamir, þegar jafnaðarmannaflokkar og alþýðusambönd hinna Norðurlandanna styðja og viðurkenna Alþýðuflokkinn, en hafa ekkert samband við Alþýðubandalag-

ið. Þeir þekkja flokka af því sauðahúsi mætavel.

Komið er fram á Alþingi frumvarp um að banna hvers konar erlenda stuðning eða gjafir til stjórnmálaflokka að viðlagðri þungri refsingu og sektum. Eg tel þetta vanhugsað mál og að við nánari athugun muni menn komast að þeirri niðurstöðu, að slíkt bann sé óframkvæmanlegt, rétt eins og algert áfengisbann. Kommúnistar hafa sýnt okkur og sannað í aratugi, að vandaliðið er að koma fé til landsins á laun. Vafalaust mundu þeir halda sinni iðju áfram, þótt slík lög væru sett, en heiðarlegir flokkar mundu fylgja banninu. Þá væri þeim í raun refsað, sem halda lög en brjóta þau ekki, sem segja þjóðinni satt en ljúga ekki að henni.

Rétt er að hafa í huga, að Norræni menningarsjóðurinn hefur undanfarnir ár veitt allmikið fé til stjórnmálafræðslu, en bannlöginn mundu útiloka Íslendinga frá þeirri starfsemi. Um síðustu helgi var frá því sagt að Sjálfstæðisflokkurinn hefði fengið styrk úr norskum sjóð, sem veitir aðstoð til ferðalaga til Noregs. Þá veitir Evrópuráðið fé til æskulýðsamtaka stjórnmálaflokka, og fleira slíkt mætti telja. Það er óskynsamleg einangrunarstefna að loka fyrir allt þetta og

margt fleira af þessu tagi, sem nefna mátti.

Enda þótt flokkarnir telji fráleitt að birta nöfn þeirra fyrirtækja og manna innanlands, sem halda þeim uppi fjárhagslega, tel ég að gera ætti í lögum um stjórnmálaflokka þá kröfu, að þeir birtu upplýsingar um hvers konar erlenda aðstoð, enda þótt hætta sé á að einhverjir kynnu að brjóta það ákvæði.

Alþýðuflokkurinn hefur notið góðs af bræðralagi við norræna jafnaðarmannaflokka um sinn. Hér er þó aðeins um að ræða smáupphæðir miðað við það, sem kommúnistar hafa smyglað inn í landið, eða Albert Guðmundsson og fleiri söfnuðu í Sjálfstæðisshúsið nýja. Mikið fjaðrafok hefur verið gert út af fjármálum Alþýðuflokksins af því að við höfum ekkert falið og hikum ekki við að ræða málið opinberlega.

Því fyrr sem Alþýðuflokkurinn vex að kjörfylgi, að félagsmanna- og styrktarmannatali, því fyrr fellur hin umdeilda norræna aðstoð niður. Eitt er víst, að hún bindur ekki hendur okkar á neinn hátt. Er hægt að segja hið sama um stuðning innlendra störfyfyrirtækja og efnamanna við flokkana?

Benedikt Gröndal
alþingismaður.